

hann ekki verulega breytt um skoðanlr sínar, en hann hafði aflat sér afar mikillar þekkingar ekki eingöngu á heimspekis-skoðunum fyrri og síðari tíma, heldur og í náttúru vísindunum og öðrum fræðigreinum. Síðan kom tímára tímabil, frá 1770-80, sem hann varði algerlega til þess að gagnrýna alt það, sem hann þangað til hafði fylgt og til að koma sínum nýju hugmyndum, sem nú urðu sem óðast efst í huga hans, í ákveðið horf. Að þeim liðnum, má segja, að æfistarfs hans byrji; það æfistarfs, sem hefir gert hann frægan og aflat honum fylgis á meðal gáfustu og mentuðstu manna hans eigin þjóðar og annara. Til þess að geta metið þettað æfistarfs Kants er nauðsynlegt að skygnast nokkuð aftur í tímann fyrir hans daga og virða fyrir sér heimspekisstefnur þær, sem þá voru rískjandi.

Á miðöldunum var kyrkjan, einsog kunnugt er, æðsta valdið í Evrópu. Undir verndarvæng hennar reis upp hin svo nefnda "skólaspeki", heimspeki hins kristna skóla. Írskur maður, sem John Scotus Erigena hét og sem var uppi á níundu öld var hinn fyrsti mikli skólaspekingur. Hann hélt fram að heimspekin væri ekkert annað en skilningur á trúnni. Heimspekingurinn má aldrei víkja hársbreidd frá kenningum kyrkjunnar; hann á að sanna kenningar hennar. Annar mikill skólaspekingur, Anselm erkibiskup í Kantaraborg, sem var uppi á elleitu oldinni hélt fram að trúin, trú katólsku kyrkjunnar ætti að sitja í fyrir-rúmi fyrir öllu öðru. Enginn má efast um kyrkjukenningarnar heldur verður að reyna að skilja þær. Geti einhver ekki skilið þær þá á hann að beygja höfuð sitt með lotningu og spyrja einskis framar. Anselm þessi er höfundur hinnar svo nefndu "tilveru-sönnunar" fyrir tilveru guðs. Hún er á þessa leið: vér getum hugsað oss algerlega fullkomna veru þ. e. guð, en fyrst vér getum hugsað oss hana hlýtur hún í raun og veru að vera til, því ef hún væri ekki til, gætum vér heldur ekki hugsað oss hana. Auðvitað er þetta alls engin sönnun, en samt hefir hún hingað til verið skoðuð sem óhrekjandi af guðfræðingum yfirleitt. Munkur einn, Gaunilo að nafni, sem var uppi sam-tímis Anselm, sýndi fram á, að þó menn gætu hugsað sér alger-lega fullkomna veru, þá sannaði það ekki að hún í raun og